Hver ferálnar meter virtur á Kr 708,00 = " 920.
Samt. Kr.: 44097.

9. Hús G. J. Johnsens, nr. 18 við Túngötu ~~br.~~ brbnr 1839.
er nýtt tvílyft íbúðarhús byggt úr steinsteypu
bæði veggir allir, loft og gólf. Þak er úr borðasúð
pappa og þakhellum. – Á neðri hæð hússins eru 4
íbúðarherbergi, eldhús, 2 búr og framreiðsluherbergi,
1 fataherbergi, vatnssalerni, anddyri og gangur.
Innan á útveggjum eru korkplötur. Veggir og loft
kalksléttað og allt málað. Timburgólf er yfir
steinsteypugólfi. Á efri hæð eru 8 íbúðarherbergi
baðherbergi og gangur. Í einu herbergjanna eru 2 þvotta-
borð – servantar – úr marmara með stórum speglum
múrfast við útveggina. Baðherbergið er lagt
postulínsflísum á 2. metra hæð af veggjum þess. Þar
er gólf úr marmara yfir steinsteypugólfinu. Að öðru
leiti, er samskonar frágangur á þessari hæð, sem hinni
neðri ~~neðri~~. Aðalstigar hússins eru úr timbri, en bak-
stigi úr steinsteypu
Á þakloftinu eru 5 íbúðarherbergi, vatnssal, línterkju-
herbergi, þurkherbergi, 3 fastir skápar og gangur. Þar eru
skilveggir allir úr timbri. Gangurinn og föstu skáparnir
eru þiljaðir með panel og málaðir bæði veggir og loft
en íbúðarherbergin eru öll lögð strá-pípum, kalk-
sléttað og málað.
Kjallari er undir öllu húsinu, 2,1 metra hár með stein-
steypugólfi. Þar eru 6 geymsluherbergi, Miðstöðvar-
hitunarklefi og gangur. Allt sementsléttað og hvíttað.

Lengd. 14,1 m., meðal br.: 12.4 m., hæð: 7.8 m. Ris 3,6 meter
Hver ferálnar meter virtur á Kr 6282,00 = Kr 88.576.
Rafmagnsleiðslur á 3000 Kr. Miðstöðvarhitatæki á 11.000 Kr.
Vatns- og skolpl. og baðtæki á 2000 Kr., eldavél á 1000 Kr Línoleum (3000 Kr) } = 20,000.
Samt. Kr.: 108.576.

og U.M.F. Iðunn
10. Hús Ungmennafélags Reykjavíkur, Laufásvegur 13a,
brbnr.: 1834, er nýtt íbúðar og samkomuhús byggt úr stein-
steypu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli.
Á aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi, fundarsalur,
vatnssal og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind
með pappa í og panel þiljum innan á. Veggir og loft
íbúðarherbergjanna eru lögð striga og pappír og allt
málað. Steinsteypugólf er undir timburgólfi.
Kjallari er undir öllu húsinu 2,4 metra hár, með
skilveggjum, ✗ gólfi ~~m~~ og lofti úr steinsteypu. Þar
er samskonar herbergjaskipun einsog á aðalhæðinni
en frágangur ófullgjörður enn þá.
Lengd: 10 m., br.: 10 m., hæð: 4 meter. Skáþak. –
Hver ferálnar meter virtur á Kr.: 2080. = Kr. 20.800.
2 ofnar 1/650. 1/275 Kr Vatns- og skolpl. á 500 Kr.
Rafmagnsleiðslur á 450 Kr . . . } = " 1.775
Samt. Kr.: 22.575

11 Hús Jóns Guðmundssonar, Bræðraborgarstíg 20,
brbnr. 938, er óbreytt frá síðustu virðingu 22/4-1919.
a Íbúðarhús. Stærð: 7,5 × 6,3 × 4.4 meter Ris: 2,5 meter
Hver ferálnar meter virtur á Kr.: 1428 = Kr.: 10.710.
3 Ofnar 2/300. 1/225 Kr. 1 eldavél á 270 Kr 1 þvottap. 150 Kr
Vatns- gas- og skolpl. á 500 Kr Línoleumgólfdúkar á 520 Kr
Rafmagnsleiðslur á 550 Kr . . . } = " 2,815
b Inngönguskúr. Stærð: 1,5 × 1,9 × 3,1 meter
Hver ferálnar meter virtur á Kr.: 240. = " 360.
c D[to] Stærð: 2,3 × 3 × 5,6 meter
Hver ferálnar meter virtur á Kr 600,00 = 1.380.
Samt. Kr.: 15.265.

Afskr. '23
1839
Afskr. '23
1834
938

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19. Hús Hilaríusar Guðmundssonar ~~Kr~~ Njálsgata 39a
br.bnr. 979 er óbreytt frá síðustu virðingu 2/10.-'20
a Íbúðarhús. Stærð: 5,7 × 6,3 × 3 metr. Ris 2,2 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr 1034,00 = Kr.: 5894.
979 1 ofn á 200 Kr. 2 eldavélar 1/75 1/200 Kr Rafmagnsl. á 350 Kr. } = " 1.225
Vatns-gas-og skolpleiðslur á Kr 400,00 . . . . . }
b Inng. skúr. Stærð: 1,6 × 3,8 × 2,8 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 526 = " 842.
Samt. Kr.: 7.961.

20. Hús Skúla Jónssonar, ofl. Vesturgata 5, brbnr. 493
er óbreytt frá síðustu virðingu 8/1-1921
a Íbúðarhús: Stærð: 8,3 × 6,3 × 5,4 meter
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 2076 = Kr 17.230.
493 6 ofnar 2/280. 2/245. 2/175 Kr. 1 eldavél á 315 Kr Rafmagnsl. 700. } = " 3.416.
Vatns-gas-og skolpl. á 500 Kr Linaleumgólfdúkar 500 Kr }
b Inng. skúr. Stærð: 2.5 × 2,5 × 4.7 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 630 = " 1.575.
Samt. Kr.: 22,220.

21 Hús Sveins Jóns Einarssonar, Grandavegur 37, brbn. 1519, er óbreytt frá síðustu virðingu 10/7-1920.
a Íbúðarhús. Stærð: 9.4 × 6,9 × 3,3 metr. Ris: 1,6 metr Kg.h. 2.5 m
Hver hlaup. meter virtur á Kr 2303 = Kr. 21.685
1519 9 ofnar 4/125. 4/110. 1/180 Kr. 2 eldavélar á 180 Kr hvor } = " 2440
Linaleumgólfdúkar á 560 Kr. skolp. Vatnsleiðslur á 400 Kr }
b Inng. skúr. Stærð: 1,9 × 3,1 × 2,7 metrar Kg.h. 2,5 m.
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 956 = " 1.816.
c Inng. skúr Stærð: 1,9 × 5 × 28 metr. skap. Kg.h. 2,5 m
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 569 = " 1.081.
d Geymsluskúr. Stærð 3,8 × 1,9 × 2,2 metr.
Hv. hlaup. meter virtur á Kr.: 80 = " 3.04
Samt. Kr.: 27.326

22 Hús Sama Grandavegur 37B, brbnr. 1625
er óbreytt frá síðustu virðingu 28/5-1921
1625 a Íbúðarhús. Stærð: 5,7 × 5,7 × 3 metr Ris 2,5 metr. Kg.h. 2.2 m 1.204 = Kr.: 6.862.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: ~~6862~~
Flytt Kr 6862

Flutt. Kr.: 6.862.
5 ofnar 1/112 1/140 2/70 1/105 Kr 2 eldavélar 1/245. 1/175 } = " 1.217.
Vatns- og skolpl. á 300 Kr . . . . . }
b Inng. skúr. Stærð: 1,9 × 1,9 × 2,4 metr
Hver hlaup meter virtur á Kr 276 = " 524.
Samt Kr.: 8,603

23 Hús Eiríks Jónssonar, Þórsgata 22B, brbnr. 1645,
er óbreytt frá síðustu virðingu 6/8-1921.- nú jámklætt-
Íbúðarhúsið (~~Stærð~~) er nú allt lagt striga og pappír að
innan, bæði á veggjum og loftum og málað.
1645 Stærð: 6, × 4,5 × 2,5 metrar. Ris: 1,3 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 558. = Kr. 3.348.
1 ofn 90 Kr 1 eldavél á 250 Kr. Rafmagnsl. á 200 Kr. } = " 840.
Vatns- og skolpleiðslur á Kr.: 300,00 . . . }
Samt. Kr.: 4.188.

24 Hús Karls Jónssonar, Njálsg. 49B, brbnr.: 888,
er óbreytt frá síðustu virðingu 16/10-1920
a Íbúðarhús. Stærð 6,3 × 6,3 × 3,1 meter
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 1218 = Kr.: 7.673.
888 3 ofnar 1/190. 1/168. 1/105 Kr. 1 eldavél á 200 Kr. } = " 1.313.
Vatns-gas-og skolpl. á 300 Kr. Rafmagnsleiðslur á 350 Kr. }
b Inng. skúr. Stærð: 1,9 × 3,1 × 2,8 metr.
Hver hlaup. meter virtur á 495 = " 940
Samt. Kr. 9.926.

25 Hús Einars Jónssonar Bræðraborgarstígur 31,
br.bnr.: 487, er óbreytt frá síðustu virðingu 15/12-1898
að öðru en því að öll íbúðarherbergi hússins
hafa nú verið lögð striga og pappír á veggjum og
loftum og málað.
487 a Íbúðarhús. Stærð: 6,3 × 5 × 2,5 metrar
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 888,00 = Kr.: 5.594.
3 ofnar 2/120. 1/80. Kr. 1 eldavél á 150 Kr } = " 1.220
Vatns- og skolpl. á 400 Kr Rafmagnsl. á 350 Kr. }
b Inng. skúr. Stærð 3,6 × 2 × 2,2 metr
Hver hlaup. metr. virtur á Kr. 125 = " 450.
Samt. Kr. 7.264.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26. Hús Guðna Símonarsonar, Ódinsgata 8,
brbnr: 345, er óbreytt frá síðustu virðingu 3/6. - 1919.
a Íbúðarhús. Stærð: 6,9 × 6,9 × 2,8 metr. Rúmm: 2,3 metr
Hver hlaup. meter virðist á Kr. 1308.00 = Kr: 9.025.
5 ofnar 7/185. 1/120 2/80 Kr 3 eldavélar 2/134. 1/80 Kr } = " 1.688.
Vatns-gas-og skolpl. á 400 kr Rafmagnsl. á 300 kr }
345 Timb. skúr. Stærð 4,4 × 3,1 × 3 metr
Hver hlaup. meter virðist á Kr 456 = " 638.
b Viðbygging Stærð: 4,4 × 6,3 × 3 metr.
Hver hlaup. meter virðist á 720 Kr = " 3168.
2 ofnar 1/120 1/90 Vatns-og skolpl. á 200 kr Rafmagnsl. á = " 510.
Samt. Kr.: 15029.

27 Hús Jóns Teitssonar, Týsgata 4, brbnr.: 1455
er að því er snertir Lit a, b og c óbreytt frá
síðustu virðingu 7/10 - 1919 nema hvað nú er allir
útveggir, að innan, með borðaklæðningi, pappa, feiljum, striga
og veggjapappír innanað. allt málað.
a Íbúðarhús Stærð: 7,5 × 6,9 × 5,3 metr. Rúmm: 1 metr.
Hver hlaup. meter virðist á Kr.: 2998. = Kr.: 22485.
1455 6 ofnar 3/110 3/105 Kr. 3 eldavélar á 180 Kr hver } = " 1.685.
Vatns-og skolpleiðslur á 500 Kr. }
b Timb. skúr. Stærð: 2,8 × 3,1 × 5 metr.
Hver hlaup. meter virðist á Kr: 935,00 = 2.618
c. Geymsluskúr Stærð: 7,2 × 3 × 2 metr.
Hver hlaup. meter virðist á Kr 264 = " 1900
d Geymsluskúrs nýr er byggður á sama kjall. 1/2 partur af kjallara 150
bindingi klætt utan borðum og járni á veggjum
og þaki. Allur feiljaður innan og með timbur
gólfi. Fer ein 1/2 geymsluhverbergi
Stærð 5,6 × 2,8 × 2,3 metr. Hv. hlaup. meter virðist á 115 Kr = " 644.
Samt. Kr. 29,782

28 Hús Ólafs Magnússonar ofl, Tungata 2, brbnr: 569.
er óbreytt frá síðustu virðingu 10/12 - 1921 og 14/2 - 1918,
að öðru en því að gjörð hefur verið eldhús, feiljað og
569 máluð, í kjallara hússins Lit a, en eldhús, sem áður var
á aðalhæð þess er gjörð að íbúðarherbergi; allt
lagt striga, pappír og málað.

a Íbúðarhús. Stærð: 10 × 7,5 × 6,3 metr. Rúmm: 2,8 metr
Hver hlaup. meter virðist á Kr.: 2492 = Kr. 24,920
7 ofnar 7/140 2/112 3/88 Kr 3 eldavélar á 140 Kr hver 1/þvottap. 134, } = 3.042.
Rafmagnsl á 1000 Kr Vatns-gas-og skolpleiðslur á Kr. 700.00 }
b Timb. skúr. Stærð: 4,4 × 1,9 × 9 metr.
Hver hlaup. ~~meter~~ meters virðist á 595 Kr. = " 2.618.
c Viðbygging Stærð: 9,1 × 4,2 × 3 metr. skápar.
Hver hlaup meter virðist á Kr 800,00 = " 7280.
2 ofnar á 200 Kr hver, 1 eldavél á 220 Kr }
Vatns-og skolpl. á 300 Kr. . . . } = " 920
Samt. Kr.: 38.780.

29. Hús h/f. Ísafoldarprentsmiðja, Austurstræti 8,
brbnr. 104, er óbreytt frá síðustu virðingu 21/8. - 1920
a Íbúðarhús og skrifstofur. Stærð: 13,2 × 10 × 6,6 metr. Rúmm 3.1 metr
Hver hlaup. meter virðist á Kr.: 4198.00 = Kr.: 55.413
8 ofnar, 2 eldavélar og 1 þvottapottur á samt. Kr. 2663.
Vatns-og skolpl. á 900 Kr. Rafmagnsleiðslur á 3000 Kr } = " 6.563.
104 b Geymsluhús. Stærð: 12 × 5,6 × 5,35 metr. Rúmm: 1,6 metr.
Hver hlaup. meter virðist á Kr. 834,00 = " 10.008.
c Viðbygging vesturgafl á hús a.
Stærð: 5,6 × 7,6 × 5,3 metr. Hv. hlaup. metr. virðist á Kr 1050. = " 5880
d Viðbygging við austurg. á Lit. a. Stærð 13,2 × 5,3 × 3,1 metr
Hver hlaup. meter virðist á Kr. 586.00 = " 7.735.
e Bakhús. Stærð: 14,5 × 5 × 3,45 metrar.
Hver hlaup. meter virðist á Kr. 614,00 = " 8.903.
Samt. Kr.: 94.502.

30. Hús Helga Helgasonar, ~~Hverf~~ Laugaveg 11, brbnr. 4
er óbreytt frá síðustu virðingu 11/12 - 1920
a Íbúðar- og verslunarhús. Stærð: ~~(Stærð)~~ 13,3 × 8,8 × 8,8 metr. Rúmm 1,9 metr
Hver hlaup. meter virðist á Kr.: 3907.00 = Kr.: 51.923.
9 ofnar 5/280. 4/196 Kr 3 eldavélar 1/350. 2/168 Kr. Rafmagnsl. á Kr. 2300.00 Vatns- og skolpl. 800 = " 5.970.
4 b Íbúðarhús. Stærð. 8,8 × 6,3 × 8,8 metr. Rúmm 1 metr. Stór kj. meter virðist á Kr. 2523.00 = " 22.202
7 ofnar 4/175. 3/140 Kr. 3 eldavélar hver á 210 Kr Vatns gas- og skolp 500 Kr. Rafm. 1700 = " 3040.
c Viðbygging, hefur verið breytt í þann hátt að gjörð hafa verið 2 herbergi
úr einum á neðstu hæð þess. Þar er brúnmálaður m/2 hefilbekkjum
Stærð 7,1 × 20,4 × 9,1 m. Rúmm. metrar Hv. hlaup. meter virðist á Kr. 10.952 = " 77.759.
Miðstöðvarhitunartæki 10500 Kr. Rafmagnsl. á 3500 Kr } = " 17850
Vatns- og skolpleiðslur 1050 Kr. Einalem lúkar 2800 Kr }
Samt. Kr.: 178.744.

Sig Björnsson Sigm Bjarnason Fjárhaldsmenn

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, hinn 17. Marts mætti brunamálastjóri Sigurður Björnsson ásamt hinum fasta virðingarmanni, þeim Sigvalda Bjarnasyni og Jóni Loftssyni til þess samkvæmt skipulagi hverju húsi eftir sig að virða til brunabótaupphæðar eftirtaldar húseignir í Reykjavík með áorðnum viðbótum og núverandi verðlagi á byggingarefnum, vinnulaunum o.fl., allt samkvæmt 34, 37 og 45 grein í samþykkt brunabótafélags hinna dönsku konungsríkja:

1 Hús Friðriks Friðrikssonar Hall við Kaplaskjólsveg byrjað 1847 er upphaflega byggt úr grasteini að veggjum uppað stöfnunum, sem eru úr bindingi klæddir ~~að~~ borðum, pappa og járni, og með járnþaki á borðasúð með pappa á milli.

Í því eru 2 íbúðarherbergi og eldhús. Veggir eru pússaðir og skarsúð á sperrum og timburgólf. Kjallari hið geymslu er undir húsinu 1,7 metra hár.

1847

a Íbúðarhús. L.: 8 m. br.: 4,4 m. hæð 1,3 m. Ris: 2 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 416,— = Kr.: 3328
1 ofn á 85 kr 1 eldavél á 140 kr. . . . = " 225
b Timburgangur og geymsluskúr er við norðurhlið hússins úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á langböndum
Lengd 3,9 m., br.: 1,9 m., hæð: 2 metr.
Hver hlaup. meter virtur á 58,00 = " 226
c Geymsluskúr er byggður á sömu lóð úr, ~~byggður~~ bindingi klæddur utan borðum og rimlum á veggjum og með pappaþaki á borðasúð. Í því er geymslu herbergi og kjallarahvelfing
Lengd: 3,8 m., br.: 2,5 m. hæð: 2 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr 154,— = " 585
Samt. Kr.: 4.364.

2 Hús Arngríms Jónssonar Vesturgata 31, brunabótanr. 83,
er ábreytt frá síðustu virðingu 14/10 - 1920
a Íbúðarhús. Stærð: 7,5 x 5 x 2,5 m Ris 2,2 m.
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 828,— = Kr. 6.210.—
3 ofnar 1/20 2/170 Kr. 1 eldavél á 200 - Vatns- og skolpl. 400 kr. Rafm.-l. 350 = " 1490

Flutt Kr. 7.700.

Flutt Kr. 7.700.
b Timb. skúr Stærð: 1,9 x 1,9 x 4,12 metr. Hver hl. metr virtur á Kr 385 = Kr. 731.
c Hesthús og Íbúð — " — 2,5 x 6,9 x 2,5 " " " " " " " 500 = " 1250.
d Geymsluskúr — " — 1,9 x 1,9 x 2,5 " " " " " " " 215 = " 408.
e Do. — " — 3,8 x 2,4 x 2,1 " " " " " " " 118 = " 448.
Samt. Kr.: 10.537.

3. Hús Péturs Þorvaldssonar, Hverfisgata 90, brunabótanr. 1284.
er ábreytt frá síðustu virðingu 7/5 - 1921
Íbúðarhús. Stærð: 7,5 x 7,5 x 7x4 metr.. Ris: 3,1 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 2870. = Kr.: 21525
1284 6 ofnar 3/240 2/180 1/154 Kr 3 eldavélar 1/280 2/210 Rafm. leidd. 600 } = " 2984
Vatns- og skolpleiðsla á 450 kr. . . . . }
Timb. skúr. Stærð: 2,2 x 2,8 x 7,8 m. Hver hl. meter virtur á Kr 854 = " 1879
Samt. Kr.: 26.388.

4. Hús Sama Hverfisgata 90B, brunabótanr. 710
er ábreytt frá síðustu virðingu 7/5 - 1921
a Íbúðarhús. Stærð: 5,6 x 5 x 2,7 m. Ris: 1,3 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 1008,00 = Kr 5.644.
710 3 ofnar á 168 kr hver, 2 eldavélar 1/250 1/205 kr. Vatns- og skolpl. 300 = " 1124.
b Geymsluskúr. Stærð: 13,5 x 2,5 x 2,2 metr. Hver hl. ~~metr~~ virtur á 118,— = " 1593.
Samt. Kr.: 8361

5 Hús Péturs Hanssonar Hverfisgata 63, brunabótanr. 578
er ábreytt frá síðustu virðingu 5/10 - 1921.
a Íbúðarhús. Stærð: 6,9 x 5 x 2,8 m. Ris.: 2,8 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr 966,— = Kr. 6.665.
578 2 ofnar á 140 kr hvor, 2 eldavélar 1/175 2/105 kr. Vatns- og skolpl. á 400 = " 1065.
b Timb. skúr. Stærð: 3,1 x 1,3 x 4,4 metr. Hver hl. meter virtur á Kr. 203. = " 629.
Samt. Kr. 8.359.

6. Hús Þorvaldar Eyjólfssonar Grettisgata 4 - brunabótanr. 1432
er ábreytt frá síðustu virðingu 13/8 - 1919
a Íbúðarhús. Stærð 7,5 x 6,9 x 3,1 m Ris 3,1 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 2365 = Kr 17.737.
1432 3 ofnar 1/120 1/250 1/200 kr. 2 eldavélar 1/250 1/150 kr. Rafmagnsel. á 800 }
Vatns- og skolpleiðslur á 770 kr. . . . . } 2540
b Timb. skúr. Stærð: 1,7 x 2,5 x 2,8 metr. Hver hlaup. meter virtur á 790 kr. = 1343
Samt. Kr.: 21.620.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7 Hús Sigurðar Árnasonar, Lindargata 3, brbnr. 363
er ábreyttt frá síðustu virðingu 13/5 - 1919, að öðru en því að íbúðarherbergi hefur verið gjört í kjallara hússins
Sbr a, skilgt og málað.

a Íbúðarhús. Sléð: 8,8 x 6,9 x 4,2 metr. Fer. hl meter virðist á 1437 Kr. = Kr. 12.645-
4 ofnar 1/162. 1/144. 2/135 Kr. 4 eldavélar 2/150 2/180 Kr. 1 þvottkp 150 } = " 2.586.
Vatns- og skolpl 400 Kr. Rafmagnsleiðslur 800 kr. . . . }
363

b Tm- og uppg. skúr. Sléð: 2 x 2,4 x 5,3 meter.
Flr. klamp. meter virðist á Kr. 525 = " 1050.

c Geymsluhús. Sléð: 3,8 x 2,5 x 2 metr. Ris 1,3 m.
Flr. klamp. meter virðist á Kr. 76,- = " 289.

Samt. Kr 16.570.

8. Hús Þorsteins Reykjavíkur, barnaskólinn
við Fríkirkjuveg, brbnr. 509, er óbreytt, að því
er snertir Sbr a & b og d, frá síðustu virð-
ingu 8/1 - 1921. -

a Aðalhúsið. Sléð: 39,4 x 9,3 x 8,2 metr. ris 1,9 - Kj. h. 2,7 -
Flr. klamp. meter virðist á Kr 3164. = Kr. 124.661.
24 ofnar 1/800 Kr. 4/160 4/140 2/300 Kr. - 2 eldavélar á 250 Kr. hver } = Kr. 17.720.
Vatns- og gas - og skolpleiðslur í allm. skólann 3000 Kr.
Rafmagnsleiðslur 2500 Kr. - - - - }
Afsl. 1/28

b Norðurálma. Sléð: 14,3 x 9,3 x 7,5 metr ris 1,9. Kj. h. 2,7
Flr. klamp. meter virðist á Kr 3388. = " 48.448.
509

c Leikfimishús hefur verið hækkað þannig að
kjallari þess er nú 2,8 metr. hár með steinsteypu
gólfi, sem mest allt er ~~fl~~ lagt leirflísum
skilveggir eru allir úr steinsteypu og neðan á
loft er sement- og kalkslétað á strápjötur. -
Þar er steypubaðsklefi yfir þvert húsið. Í gólfi
hans er steinsteypu renna fyrir fótabað og þar
er taki fyrir 14 steypuböð. Allir veggir eru
lagðir postulínsflísum; þá eru þar 2 herbergi
fyrir skólabörnin að afklæðast og klæðast í, hvort
með 28 fatasnögum, fatabekkjum, úr tré. Veggir
eru þar lagðir postulínsflísum upp úr setubaðinu
Innfremur eru þar 4 vatnsal. og gangar yfir þvert
kjallarann; þar eru 2 þvottaskálar. Loftrásir með
rafmagnsvélum eru í kjallaranum
Upphitunarvél hefur verið komið fyrir í kjallara norðurálmunnar
til hitunar leikfimishússins og vatns til baðanna.

Flutt Kr 190.829.

Flutt. Kr 190829

Lengd 16 m., br. 9,1 m., h. 4,7 metr ris 1,9 m. Kj. h. 2,8 m.
Flr. klamp. meter virðist á 3192 = Kr. 51.072.

Miðstöðvarhitunarvél með vatnskatli og leiðslum 10.000 Kr.
Rafmagnsleiðslur 2500 Kr. Baðtæki og hitagrindi 3500 Kr. } = " 16.000.

d Suðurálma. Sléð 31,4 x 9,1 x 7,5 metr. ris 1,9 m Kj. h. 2,5 m
Flr. klamp. meter virðist á Kr 2978.- = " 93,509.

Miðstöðvarhitunartæki 10.000 Kr. Rafmagnsl. 1500 Kr. . . }
Innalmungalsleiðslur í allm. skólanum á 6000 Kr. } = " 17500

Samt. Kr 368.910.

Afsl. 1/28

9 Hús Valdimars Laxdalssonar Vitastíg 14a
brbnr.: 1848 er nýtt íbúðarhús, einlyft með portis
ris og kvisti, byggt úr holsteini, með járnþaki
á bárujárni með pappa á milli.
Gólf og skilveggir eftir endilöngu húsinu eru úr stein-
steypu. Í neðri hæð hússins eru 3 herbergi, rakara-
vinnustofa, vatnssalerni og 2 gangar. Innan á útveggjum
er grind úr plankaremningum með pappa á og panel-
fjölum innanáa. Þeir skilveggir eru úr tvöföldum
tvöföldum panelfjölum. Neðan á loftbitunum eru
panelborð lögð striga og pappír allt málað. Gang-
gólfin eru lögð leirflísum
1848 Í efri hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, hús og
gangur allt með samskonar fyrirkomulagi sem neðri
hæð að öðru en því að hér eru allir veggir strigi
og pappírslagðir undir málningu.
Í þakrými eru 2 íbúðarherbergi, þvottaklefi, 2 fatask-
apar, geymsluklefi og gangur, með sama fyrirkomulagi
á efri hæðinni. — Miðstöð er í báðum hæðunum
með pappa og asbestpappa á milli. 2 Reykháfar eru á húsinu
Lengd 7,5 m.; br. 8,8 m. hæð: 7,2 m. Ris 2,75 m.
Flr. klamp. meter virðist á Kr. 3016 = Kr. 22620.

4 ofnar 2/201. 1/110. 1/75 Kr. 1 eldavél á 300 Kr. .
Vatns- og skolpleiðslur á 700 Kr. Rafmagnsl. 700 Kr. } = " 3485.
Innalmungalsleiðslur á 1200 Kr. . . . . }

Samt. Kr.: 26,105

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10. Hús Emils Rakstad, Barmaland við Lauganesveg brbnr. 1248 er óbreytt frá síðustu virðingu 3/6-1919.
a Fjós og heyhlaða. Stærð: 7,5 x 6,9 x 2 metr. Ris 3,1 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr 700,00 = Kr.: 5.250.
b Íbúðarhús. Stærð: 9,1 x 8,2 á 6,1 m. lengdar og 6,1 á 3 m. x 4,7 m. Ris 3,4 m.
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 1700,00 = 15.470.
4 ofnar 1/300 2/180 1/130 Kr. 2 eldavélar 1/275 1/85 Kr 1 prottap. 150 Kr
Vatns- og skolpleiðslur á 500 Rafmagnsl. 1500 Kr - - - - = 3300
1248 c Geymsluskúr. Stærð 5,5 x 6,9 x 1,6 metr
Hver hlaup. meter virtur á Kr 200 = 1.100
d Inng. skúr Stærð 3,1 x 2,5 x 4,7 metr
Hv. hlaup. meter virtur á 472,00 = 1463
d Geymsluskúr Stærð 12,6 x 4,1 x 2,2 metr
Hver hlaup. meter virtur á 156 Kr = 1965
Samt Kr 28.548

11. Hús sama Sólbakki við Lauganesveg brbnr. 1849 er nýtt íbúðarhús byggt úr binding kl. utan borðum, pappa og jámi á veggjum og paki. Á aðalhæðinni eru 2 íbúðarherbergi.
Afskr 23
Í binding er stoppað með sagspónum og lagður pappi. Innan á binding og neðan á loftbitum eru panel piljur; allt lagt striga og pappír og málað.
1849 Á pakbitum er gólf, þar uppi er geymsla.
a Íbúðarhús. Lengd: 9,5 metr., br.: 5,1 metr., hæð: 3,1 m. Ris: 2 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 918,00 - - = Kr. 8.721.
2 ofnar 1/200 1/80 Kr Vatns- og skolpl 400 Kr. Rafmagnsl 250 Kr. 930.
b Inng. skúr er við húsið byggður einsog það
L.: 2,5 m., br. 3 m., h. 4,5 m. Ris: 1 metr Hv. hl. meter virtur á Kr 600 = 1500
c Viðbygging við Litra a byggður úr samskonar efni sem það hús. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og vatnssal. Allt piljað lagt striga og pappír og málað.
L. 8 metr., br.: 3,6 m., hæð: 2 metr. Skápak.
Hver hlaup meter virtur á 345 Kr - - = 2.760.
1 eldavél á 250 Kr. - - - - = 250.
Samt. Kr.: 14.161.

12. Hús Guðrúnar Eyjólfsdóttir, Laugavegur 51 B, brbnr. 1465 er óbreytt frá síðustu virðingu 18/11-1919
Íbúðarhús. Stærð: 9,4 x 7,5 x 6,5 metr. Skápak Kj. h. 2,7 m
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 3500,00 = Kr.: 34.900.
1465 3 ofnar á 250 Kr hver 3 eldavélar á 300 Kr. hver 1 prottap 200 Kr
Vatns- og skolpl. á 600 Kr hínalenngólfdúkur 800 Kr Rafmagnsl. á 800 Kr } 4.050.
Samt. Kr. 38.950

13. Hús Sveinbjörns Jónassonar Lokastígur 21 brbnr 1850 er nýtt íbúðarhús enn þá ófullgert, byggt úr steinsteypu með jámpaki á borðasúð sút með pappa á milli. – Þar er afþiljuð
1850 4 herbergi. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa á og piljum innaná. Piljað er og neðan á loftbita
Lengd 7,4 m., br.: 5,6 m., h.: 3,1 m. skápak
Hv. hlaup. meter virtur á Kr. 595 = Kr. 4.403
Kr. 4.403.

Ár 1923 hinn 23. Marts voru þessi hús virt:

14. Hús h.f. „Ari Fróði" við Rauðarárstíg-fiskreitina – brbnr 1851
er fisk-geymslu- og prottahús, byggt úr binding klætt utan plægðum borðum, pappa og jámi á veggjum og paki.
Afskr 23
Timbur-skilveggur í miðju húsinu. Í suðurhluta þess er geymsla fyrir þurkaðan fisk og afþiljað lítið skrifstofu-herbergi; allt með timburgólfi.
Norðurhlutinn er fiskverkunarhús, með steinsteypugólfi og steyptum skolprennum fram með öllum hliðum
1851 hússins og einni niðurfallspró.
Þar er saltgeymsluklefi afþiljaður í einu horninu með timburgólfi yfir steinsteypugólfi.
a Geymsluhús. Lengd: 32,8 m., br.: 14 m. hæð: 3,2 m. Ris: 2,2 m.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 708,00 - - = Kr 23,222
Vatns- og skolpleiðslur á 500 Kr - - - 500.
b Geymsluskúr fyrir óverkaðan saltfisk er við norðurendu hússins Litra a, byggður úr binding klæddur utan borðum pappa og jámi á veggjum og með jámpaki á langböndum.
Lengd 6 m. br 14 m. hæð: 2,8 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 431,00 - - 2.585.
Samt Kr. 26.308

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15 Hús h. f. u. Aðalstræti 2 vit Rauðarárstíg, er íbúðarhús byggt úr limbrading klætt utan plægðum borðum og pappa á veggjum og þaki
Það er borðalagt með nagldúkslu matborði fyrir 32 menn, 4 svefnherbergi, hvert með 8 fjölum rúmstæðum og veggborði, eldhús, verkstjóra herbergi og 2 gangar. - Allt er húsið með pappa í lendingu og pardelpiljur innan á honum og netan á lofti og kistum. Skilveggir úr tvöföldu panelklæðningu. Allt pensilerað mena hurðir og gluggar, sem er málað. Timburgólf er í öllu húsinu
Lengd 22 m., br.: 5,6 m. hæð: 3 metr. Skápar
Hver klaup. metin virtur á Kr. 536,- Kr.: 11.792.
1 ofn 180 Kr. 1 eldavél 360 Kr. Vatns- og skolpl. á 250 Kr = 790.
Samt. Kr.: 12582.

Sig. Bjarnason Sigv. Bjarnason Jón Sveinsson

1852

Bráðabirgðavátrygging.

Ég undirritaður óska hérmeð eftir að hús hers Ellerts Magnússonar, sem nú er í smíðum á Bergþórugötu nr 15, brbmr 1853, verði tekið í bráðabirgðar vátryggingu samkvæmt 17 gr í samþykkt Kaupstaðarnes alm. Brandfor sikring fyrir samtals:
14000.- fjórtán þúsund-Krónum - - = Kr.: 14.000.
í 2-tvo-mánuði að telja frá deginum í dag Kl. 2 eftir hádegi og með því bráðabirgðar vátrygging þessi fellur úr gildi 24. Maí 1923 kl. 2 e. had.
Hér er kunnugt um að Brunabótafélagið hefir ekki samkvæmt þessari bráðabirgðar vátryggingu ekkert þar sem verða kunna, af bruna, á húseignini 4-fjórum-vikum eftir að hún er tekin úr afnota og því verður, innan þess tíma, að fara fram reglulegt brunabótavirðing á húseigninni á venjulegan hátt.

Reykjavík 24. Marts 1923

Björn Björnsson

1397

Bráðabirgðavátrygging

Ég undirritaður óska hérmeð eftir að viðbyggins sú, við hús Jóns Hjálmarssonar nr.: 21 við Óðinsgötu brbmr 1397, sem nú er í smíðum, verði tekið í bráðabirgðar vátryggingu samkvæmt samkvæmt 17 grein í samþykkt Brunabótafélags hann dánarsta fyrir samtals:
5000- fimm þúsund- Krónur - - - = Kr 5,000
í tvo mánuði að telja frá deginum í dag Kl 2 e. h. og með því bráðabirgðar vátrygging þessi fellur úr gildi 31. Maí 1923 kl. 2 e. h.
Hér er kunnugt um að Brunabótafélagið hefir ekki eftir þessari bráðabirgðar vátryggingu, ekkert það sem verða kunna, af bruna, á húseigninni 4-fjórum vikum eftir að hún er tekin úr afnota og því verður, innan þess tíma, að fara fram reglulegt brunabótavirðing á húseigninni á venjulegan hátt

Reykjavík 31. Marts 1923

Þórður Þorsteinsson
Þjóðminjavörður

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923, hinn 14. Apríl mætti brunamála-
stjóri Sigurður Björnsson ásamt hinum föstu
virðingarmönnum, þeim herrum Sigvalda Bjarnasyni
og Jóni Sveinssyni trésmíðameisturum, til þess
samkvæmt beiðni hlutaðeigenda að virða
til brunabóta eftirtaldar húseignir í Reykjavík
með sérstöku tilliti til núverandi verðlags
á byggingarefnum, vinnulaunum ofl. – Allt sam-
kvæmt 34, 37 og 45 gr. í samþykt brunabótafélagi
hinna dönsku kaupstaða:

1. Húseign Sig. Jónssonar og Páls Magnússonar
nr.: 53B, brbnr. 1384, hefur verið stækkuð frá
því síðasta virðing fór fram 17/6-1922, á þann hátt
að við ~~[illegible]~~ íbúðarhúsi hefur nú verið byggður
b. inngönguskúr úr steinsteypu með jám-
þaki á borðasúð með pappa á milli.
Þar er steinsteypugólf og veggir allir sements-
sléttaðir utan og innan
1384 Lengd: 2,6 m., br.: 1,7 m., hæð: 3 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 200.00 = Kr. 520.
c. Geymsluskúr nýr hefur einnig verið byggður
á sömulóð úr steinlímdum steypusteini
með jámþaki á langböndum, þar eru 3
geymsluherbergi með steinsteypugólfi og skil-
veggjum úr timbri.
Lengd: 7,7 m., br.: 2 m. hæð: 2,2 m. Skápák
Hver hlaup. meter virtur á 100 Kr. . . = " 770.
Samt. Kr. 1.290.

2. Magnús Magnússon Njálsgötu 6, brbnr. 802
hefur bygt skúr við austurgafl íbúðarhúss síns
802 úr steinsteypu með jámþaki á borðasúð með pappa
á milli. Þar er geymsluklefi og þvottaherbergi með
steinsteypugólfi og skilveggur úr timbri.
c. Lengd 1,7 m., br.: 3,3 m., hæð 2,6 m. Skápák. Hv. hl. meter virtur á Kr. 170,00 = Kr.: 799.
1 ofn á 50 Kr. Vatns- og skolpl. á 50 Kr. . . . . = " 100.
Samt. Kr.: 899.00

3. Hús Jónasar Jónssonar Þórsgata 14, brbnr.: 1733
sem var síðast virt 7/1 1922 hefur nú verið stækkað.
Það er bygt úr steinsteypu, með jámþaki á borðasúð
Afskr. 23 með pappa á milli. Innan á útveggjum er borðagrind
með pappa og þiljum innaná. Steinsteypugólf er
undir timburgólfinn. Í húsinu eru 4 íbúðarher-
bergi, eldhús og gangur. Íbúðarherbergi eru lögð
1733 striga og pappír og allt málað
Lengd: 7,8 m. br.: 7,45 m. h.: 2,9 m. – Ris: 2 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr. 1,160.00 . . = Kr. 9.048.
1 ofn á 150 Kr. 1 eldavél á 225 Kr. Vatns- og skolpl. 350 = " 725.
Samt. Kr. 9.773.

4. Guðmundur Bjarnason klæðskeri Aðalstræti nr. 6
brbnr.: 117 hefur bygt nýjan skúr á lóð sinni
Afskr. 23 úr steinsteypu með jámþaki á borðasúð með pappa
á milli. Innan á útveggjum eru korkplötur
og neðan á loftbitum eru panelþiljur lagðar
117 strápípum, allt kalksléttað og málað.
Steinsteypugólf eru í húsinu og veggir sements-
sléttaðir utan. Í skúr þessum er nú rakaravinnustofa
g. L. 7 m., br.: 2,6 m. hæð: 2,7 metr. Skápák
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 280,00 = Kr. 1960.
Vatns- og skolpl. á Kr 300,00 Rafmagnsl. á 250 Kr = " 550.
Samt. Kr 2510.

5. Vélsmiðjan „Héðinn", Bjarni Þorsteinsson og Markús
Afskr. 23 Ívarsson, Aðalstræti 6B, brbnr.: 726, hafa bygt á lóð sinni
smiðjuhús úr steinsteypu með jámþaki á lang-
726 böndum. Þar er rekin jámsmiðaiðn með véla
kraffi
b. Lengd: 11 m., br.: 7,3 m., hæð: 4,3 m. . Skápák.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 377 = Kr. 4.147.
Rafmagnsleiðslur á 200 Kr Vatns- og skolpl. á 300 Kr = " 500
Samt. Kr.: 4647.

6. Hús Sveinborgar Ármannsd. Hverfisgata 78, brbnr 655 er
óbr. frá síðustu virðingu 4/2. 1902.
655 a. Íbúðarhús. Stærð: 5,6 × 5 × 3,8 metr. Hver hlaup. meter virtur á Kr. 1120,00 . . = Kr. 6.272.
2 ofnar 1/110. 1/80 Kr. 3 eldavélar 1/150 1/75 1/50 Kr Vatns- og skolpl. á Kr.: 350 . . = " 815.
b. Inng. skúr. Stærð: 1,9 × 2,5 × 2,8 m. Hv. hl. meter virtur á Kr. 160,00 = " 304.
Samt. Kr.: 7391.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7 Hús Jón Magnússonar, Brekkuselgum nr. 1⅛
brbnr.: 998, var síðast virt til brunabóta
3/11 - 1918, en hefur nú verið endurbætt, að öllu leyti
a Íbúðarhús er byggt úr timbri kl. utan plægðum
borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki.
Í aðalhúsinu eru 2 íbúðarherbergi og eldhús
Í kinding er skotgat með sagspónum og milli-
gólf er í bitalagnum. Allt málað, lagt pappa
á veggjum og loftum og málað. Í þaklyftu er
1 íbúðarherbergi og framloft; allt málað og íbúðar-
herbergið málað. Kjallari er undir öllu húsinu
2 metra hár. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús
geymsluklefar og 2 skápar. Allt málað og málað.
998 Lengd: 6,3 m., br.: 5,7 m., h. 3,5 m. Ris: 2,25 m.
Hver klaup. meter virtur á Kr 1305,00 kr: 8.240.
4 Ofnar 1/100. 1/0. 7/50., 2 eldavélar 2/250 } . . =. 1.570.
Vatns- og skolpl. á 400 kr Rafmagnsl á 400 kr
b Timb. skúr er við norðurhlið hússins, byggður eins-
og það.
Lengd: 2.2 m., br.: 2,5 m., h.: 2,6 m. – Skápar. –
Hv. klaup. meter virtur á kr: 20⅞,00 . . . =kr. 455.
c Geymsluhús byggt úr timbri, klæddur utan borðum og pappa
með járnþaki á langböndum
Lengd: 6,7 m., br.: 3 m., hæð: 2,5 m. Skápar. –
Hver klaup. meter virtur á kr.: 66,00 – =" 442
Samt. Kr.: 10.707.

Hús-Kaupfélags Þorsteinssonar

8. (Árnahús Eyjólfs Þorkelssonar) Austurstr. 6, brbnr: 312
er óbreytt frá síðustu virðingu og b 22/10 1910 c og d
30/10 - 1897.
312 a og b. Íbúðarhús og verslun. Stærð: 11.3 × 6,9 × 5,3 metr. Kjallari 1,9 m rís 2,5 m
Hver klaup. meter virtur á Kr: 2070. =Kr: 23,391.
2 Ofnar á 250 kr hvor, 1 eldavél á 200 kr, 1 þvottap. 165 kr. }
1 Steinaofn 75 kr. Vatns- og skolpleiðslur á 500 kr. . . } =. 2,240.
Rafmagnsleiðslur 800 kr. . . . . }
c Viðbygging. Stærð: 3,5 × 2,2 × 5.6 meter. Hv. hl. meter á Kr. 525 =. 1.837.
1 ofn á 80 kr. . . =. 80
d Geymsluhús. Stærð: 10,7 × 3.1 × 2,4 metr. Hv. hl. meter á Kr 74,00 =. 792.
Samt. Kr. 28.340.

9 Hús Guðjóns Ólafssonar nr. 5 við Bröttugötu
brbnr 69 er óbreytt frá síðustu virðingu 10/9-1917
a Íbúðarhús. Stærð: 9.4 × 5 × 2,5 m. Rís 3.6 metr
Hver klaup. meter virtur á 700 kr. . . kr 6.580.
2 Ofnar á 160 kr hvor 2 eldavélar 1/200 1/150 kr. Rafm. f. 100 } =. 970
Vatns- og skolpleiðslur á 200 kr . . . . . }
19 b Íbúðarhús Stærð: 3.6 × 5 × 4,9 metr.
Hver klaup. meter virtur á Kr. 882,00 =. " 3.087.
2 ofnar á 150 kr hvor =. 300.
c Skúr Stærð: 3.8 × 2,5 × 2,5 metr
Hver kl. meter virtur á Kr. 120.00 =. 456.
Samt. Kr. 11.393.

10 Hús Sama, nr. 3B við Bröttugötu, brbnr. 960.
er óbreytt frá síðustu virðingu 10/9 – 1917. –
a Íbúðarhús. Stærð: 8.8 × 8.2 × 5 metr.
Hver klaup. meter virtur á 295 kr Kr. 25.978.
960 4 ofnar 1/160. 2/120 kr 1/215 kr. 1 eldavél á 200 kr 1 þvottapottur 200 kr } =. 2.666.
Vatns- og skolpleiðslur 500 kr Rafmagnsleiðslur 1150 kr. }
b Timbur Geymsluskúr. Stærð: 2,5 × 3,1 × 6,1 metr
Hver klaup. meter virtur á Kr 918 =. 2295.
c Geymsluhús. Stærð: 5 × 3,1 × 2,5 metr.
Hver klaup. meter virtur á 260 kr =. 1300.
Samt. Kr.: 32.239.

Sig. Björnsson Sigv. Björnsson Jónsdóttir

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunaskemd.

Ár 1923. hinn 18. April mætti brunamálastjóri Sigurður Björnsson ásamt hinum fástu virðingamönnum þeim herrum Sigvalda Bjarnasyni og Jóni Sveinssyni, trésmíðameistrum í húsinu nr.: 2 við Austurstræti í Rvík, brbr.: 110, til þess, samkvæmt beiðni skrifl. dags. húseigandans herra kaupmanns J. Jensen-Bjerg að virða til skattabóta skemd. þá sem húseignin varð fyrir af bruna í dag.

Húseigandi hefur fallist þá rétti sínum til að útnefna annan virðingarmanna.

Húseignin var síðast virt til brunabóta 21. Ágúst 1920. þannig:

a	Forhus Hotel og Handel	Kr: 154.830.
b	Sidebygning -"- -"- -"-	" 81.150.
c	Dº Dº	" 50.800.
d	Baghus Køkken	" 6.300.
e	Dº Pakhus	" 14.240
		Kr.: 307.320.

116

og er skráð í 3 fl. C.

Skemdin er fólgin í því að kviknað hafði í gegnsteiktu í Kjallara hússins hitra b og þiljur sviðnað og skemst. Einnig hafa verið brotin 2 allstór göt á dúklögð gólf yfir kjallaranum til þess að geta komist að eldsupptökunum slökkviliðsins. – Skemdir urðu einnig á raflagnsleiðsum hússins.

Til þess að gjöra við skemdir þessar þarf:

I	Efni: 3/4" borð 34 Kr., gólfborð 47 kr. Pappi og saum 16 kr. línoleumdúk pr. 120 kr., raflagnsefni 250.–	} = Kr.:	446.–
II	Vinnulaun: Trésmíði 70 kr. raflagnslagning 200 kr. =	"	270.–
	Upphæð skattabótanna er því metin á samt. Kr.:		736.–

samkvæmt 43 gr. í auglýsingu frá 1. Febrúar 1922.

Brunaleifar voru engar af um nýjabók eldsins vísað til væntanlegra brunaprófa.

Húseignin hefur ekki orðið fyrir neinum þeim breytingum frá því síðasta virðing fór fram, sem gæti haft áhrif á skattabótaupphæðina. – Virðingargjörð þessi, sem fram-kvæmd var af undirrituðum fástum virðingamönnum, stóð yfir í 2 kl. tíma.

Sig. Björnsson Sigv. Bjarnason Jón Sveinsson

J. Jensen-Bjerg

Bráðabirgðavátrygging

Fyrir undirritaðan óska hjermeð eftir, að hús hers Guðmundar Ásmundssonar, skrifstofustj. í umboði Bæjarsíma Íslands, brbr. 1854, vátr. hjer í bráðabirgða-vátryggingu samkv. 17 gr. í samþykkt Kölstaðanes alm. Brandvátrygging fyrir samtals

10.000.– tíu þúsund – Krónur Kr. 10.000.–

í 3 – þrjá – mánuði að telja frá deginum í dag kl. 12 á hád. og vara þessi bráðabirgðavátrygging þessi hjer hinn 20. Júlí 1923 kl. 12 á hád.

Lýsi hjermeð yfir, að brunabótafjelagið bæti ekki, samkvæmt bráðabirgðavátryggingu þessari, skemdir þær, sem verða kunna af bruna á hús-eigninni 4 – fjórum – vikum eftir að hún hjer telst ofmeta og því aðeins muni þessi hjer hina að fara fram reglulegt brunabótamat á húseigninni í venjulegan hátt.

Reykjavík 20. April 1923

Valgeir Jónsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bráðabirgðarvátrygging

Við undirritaðir óskum hérmeð eftir að hús okkar nr.: 38a við Bragagötu, sem nú er í smíðum verði tekið í bráðabirgðarvátryggingu, samkvæmt 17 gr. í sampykt Kbstædernes alm. Brandforsikring, fyrir samtals:

20000 - tuttugu púsund - Krónur = Kr 20000.

í 1-einn-mánuð, að telja frá deginum í dag, kl. 6 e. m., og nær því bráðabirgðarvátrygging pessi til hins 28. Maí 1923, kl. 6. e. m.

1855 Okkur er kunnugt um að brunabótafélagið bætir ekki eftir pessari bráðabirgðarvátryggingu skemdir pær, sem verða kunna, af bruna, á húseign pessari 4-fjórum-vikum eftir að pat er tekið til afnota, og að pví verður, innan pess tíma, að fara fram regluleg brunabótavirðing á húseignimi á venjulegan hátt.

Reykjavik 28. Apríl 1923

Snæbjörn Eysteinsson

Gunnar Gunnarsson.

Bráðabirgðarvátrygging

Eg undirritaður óska hérmeð eftir að hús ~~okkar~~ mitt nr.: 89 við Laugaveg i Rork, sem nú er í smíðum, verði tekið í bráðabirgðarvátryggingu, samkvæmt 17 gr. í sampykt Kbstædernes almindelige Brandforsikring fyrir samtals:

20,000 - tuttugu púsund - Krónum =

í 1-einn-mánuð, að telja frá deginum í dag kl. 12 á hádegi, og nær því bráðabirgðarvátrygging pessi til 30. Maí 1923 kl. 12 á hádegi.

1856 Mér er kunnugt um að brunabótafélagið bætir ekki eftir pessari bráðabirgðarvátryggingu, skemdir pær, sem verða kunna, af bruna, á húseign pessari 4-fjórum-vikum eftir að hún er tekin til afnota, og að pví verður, innan pess tíma, að fara fram regluleg brunabótavirðing á húseignimi á venjulegan hátt.

Reykjavik 30. Apríl 1923

Þorl Ófeigsson

Bráðabirgðarvátrygging

Eg undirritaður óska hérmeð eftir að hús mitt nr.: 38a við Bragagötu, sem nú er í smíðum verði ~~vid~~ tekið í bráðabirgðarvátryggingu, samkvæmt 17 gr. í sampykt ~~í sampykt~~ Kbstædernes alm. Brandforsikring fyrir samtals:

10000 - tíu púsund - Krónum = Kr 10000.

frá deginum í dag kl. 6 e. m. og nær því bráðabirgðarvátrygging pessi til ~~30. Jan~~ hins 1. Júní 1923, kl. 6 e. m.

Mér er kunnugt um að brunabótafélagið bætir ekki eftir pessari bráðabirgðarvátryggingu skemdir pær, sem verða kunna, af bruna, á húseign pessari 4-fjórar-vikur eftir að hún er tekin til afnota og að pví verður innan pess tíma að fara fram regluleg brunabótavirðing á húseignimi á venjulegan hátt.

Reykjavík 1. Maí 1923

Kétin Þorsteinsson

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1923 hinn 28 April mætti brunamálastjóri Sigurður Bjarnason ásamt hinum fasta virðingamanni sínum Sigvalda Bjarnasyni og Jóni Sveinssyni trésmíðameistara í eftirtöldum húsum hér í Reykjavík til þess, samkvæmt beiðni hlutaðeigenda að virða þau til brunabóta, með áföstu bílíði til núverandi verðlags á byggingarstöðum nimulaunum ofl; allt samkvæmt 34, 37 og 45 grein í fasteignalögum brunabótafélags hinna dönsku konungsríta:

1. Hús Margrétar Gamalíelsdóttir Sellandsstígur 31. Skrbnr.: 368, var síðast virt 10/11 - 1893, en hefur verið mjög mikið endurbætt síðan. Hliðveggir hússins eru byggðir úr grásteini en stafnar úr timbri kl. utan bárujárn (pappa og járn). Þak úr bárusúð með pappa og járn þar ofan á. Innan á steinveggjunum er borðaklæðning með pappa á og allt er húsið þiljað innan og málað. Í kj. aðalhæð er 1 íbúðarherbergi eldhús og gangur. Íbúðarherbergið er lagt strigum og pappír á veggjum. Í þakrýmið eru 2 íbúðarherbergi og gangur, allt þiljað og málað.

368

a Íbúðarhús. Lengd: 7,5 m., br.: 4,8 m. h: 3m., Ris: 2 metr.

Hver klaufm. metur virðist á Kr 768 kr.: 5.760.-

1 ofn 100 kr Eldavél 210 kr 1 vatns- og skolpl. 350 kr. } =. 1.010.-
Rafmagnsleiðslur á 230 kr

b Geymsluhús byggt úr timbri klætt utan borðum og rimlum, með pappa þaki á borðasúð. Í kjall er skilveggur úr borðum og timburgólf á öðrum enda þess. Loft er á kjallaranum Lengd: 4.5 m., br.: 2,7 m., h. 2 metr. Ris 1,5 metr.

Hver klaufm. metur virðist á kr. 120. . . =kr.: 540.-

Samt. Kr 7310,-

2 Hús Landshanka Íslands, nr 16a við Framnesveg br.brnr.: 1802. er nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Allir skilveggir, loft og gólf eru úr steinsteypu. Veggir eru sem enskælettaðir utan. Þykt útveggja er 25 cm, en innveggja 11 cm. Þykt gólfa er til jafnaðar

1802

13 cm. Í aðalhæð er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Innan á útveggjum eru kaskplötur 4 cm. þykkar. Allir veggir og loft eru kalkslétthaðir. Íbúðarherbergi er veggfóðrað en allt annað ólitmálað.
Í þaklyftu eru 2 íbúðarherbergi, baðstofa skápur og gangur. Þar eru skilveggir úr timbri með tvöföldum þiljum. Milliþil er á þakgerrum og þiljur innan á þeim; allt loft strápípum kalkslétthað veggfóðrað og málað.
Undir öllu húsinu er kjallari með steinsteypugólfi, 2,2 metra hár. Þar er þvotta herbergi, geymsluherbergi og vatnssalerni. Allt kalkslétthað og hvítþað.
Lengd: 5,15 m., br.: 7,35 metr h. 2,9 metr. Ris: 3,6 metr.

Hver klaufm. metur virðist á Kr. 2088,00 =Kr 10.753,00

2 ofnar 1/130 1/100 kr eldavél 250 kr 1 þvottap. 200 kr. vatns-gas og skolpleiðslur 500 kr. Rafmagnsleiðslur 450 kr. Linoleumgólfdúkur 584,00 } =. 2.214,00

Samt. Kr 12.967,00

3 Hús Sama nr. 16b við Framnesveg, byggt 1858 sem er nýtt íbúðarhús byggt úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Allir skilveggir, loft og gólf eru úr steinsteypu Kjallari er á þaki hússins þó norðri til suðurs Veggir allir sementsslétthaðir utan. Þykt útveggja er 25 cm., en innveggja 11 cm. Þykt gólfanna er að meðaltali 13 cm. – Í aðalhæð hússins er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Innan á útveggjum eru kaskplötur 4 cm. þykkar. Allir veggir, eru kalkslétthaðir, sem og loftin. Íbúðarherbergið er veggfóðrað, en allt annað af hvítþað og ólitmálað – Linoleumdúkar eru á öllum gólfum hússins og eldhúsborði. Fyrir ofan eldhúsborðið eru veggplötur úr postulínsflísum á ½ meter hæð. – Gangur er lagður leirflísum. — Í þaklyftu eru 2 íbúðarherbergi, 3 fatlir skápar og gangur. Þar eru skilveggir úr timbri með tvöföldum þiljum. Í sperrum er milliþil og þiljur innan á þeim. Allt loft strápípum og kalkslétthað. Herbergin eru lögð veggfóðri og allt málað. Undir öllu húsinu er kjallari 2,2 m. hár. Þar er 1 þvottaherbergi, geymsluherbergi og vatnssal. Allt kalkslétthað og hvítþað. –
Lengd 5,15 m. br.: 7,35 m. br.: 2,9 m. Ris: 4,6 m

Hver klaufm. metur virðist á Kr.: 2378.00 =Kr.: 12.247.-

3 ofnar 1/130 3/100 kr 1 eldavél 250 kr 1 þvottap. 200 kr. Vatns-gas- og skolpl. 500 kr. } =. 2.360.
Rafmagnsleiðslur 450 kr linoleumdúkur 630 kr. . . . . .

Samt. Kr 14.607

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4. Hús Landsbanka Íslands nr. 16c við Framnesveg, byrjað 1859 er nýtt íbúðarhús byggt úr steinsteypu með járnþaki á borðasúð með pappa á milli. Allir útveggir loft og gólf eru úr steinsteypu og veggir sementsléttaðir utan. Þykkt útveggja er 28 cm., en innveggja 11 cm. Gólfin eru að meðaltali 13 cm. þykk.
Í aðalhúsi er 1 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Uppi á útveggjum eru 4 cm. þykkir korkplötuveggir og loft er kalkslétað. Íbúðarherbergið er veggfóðrað, en hurðin að öðrum allt málað. Linoleumdúkar eru á öllum gólfum hússins og eldhúsborð. Fyrir aftan eldhúsborðið er veggurinn lagður flísum á ½ meters hæð, og á gangi er leirflísagólf. Í þaklyftu eru 1 íbúðarherbergi, loftur skápur og gangur. Þar eru útveggir úr bindingi klæddum tvöföldum fjölum. Í herbergi er millifjöl og fjalir eru innan á þeim. Allt loft strápjalirnar kalkslétað og málað.
Undir öllu húsinu er kjallari 2,2 metra hár, þar er þvottaherbergi, geymsluherbergi og vatnsalerni. Allt kalkslétað og hvítlað.
Lengd: 5,15 m. br.: 7,35 m., h.: 2,9 m. Ris 3.6 metr.
Hver klaup. meter virtur á Kr 2032 = Kr.: 10.465.
2 ofnar 1/130 2/100 Kr. 1 eldavél á 250 Kr. 1 þvottap. á 200 Kr. } 2114.
Vatns-gas- og skolpl. á 400 Kr. Rafmagnsl. 450 Kr. Linoleumdúkar 584 Kr. }
Samt. Kr. 12.579.

1859

5 Hús Sama nr. 18a við Framnesveg byrjað 1860 er nýtt íbúðarhús byggt úr steinsteypu með sama fyrirkomulagi eins og húsið nr. 16a við sama götu, sem hér að framan er nákvæm lýsing af. —
Lengd: 5,15 m., br.: 7,35 m., h.: 2,9 metr. Ris: 3,6 metr.
Hver klaup. meter virtur á Kr.: 2088.00 = Kr 10.753.
3 ofnar 1/130 2/100 Kr. 1 eldavél 250 Kr. 1 þvottap. 200 Kr.
Vatns-gas- og skolpl. á 500 Kr. Rafm. l. 450 Kr. Linoleum l. 584 2.314.
Samt. Kr 13.067.00

1860

6 Hús Sama nr. 18b við Framnesveg byrjað 1861 er nýtt íbúðarhús byggt úr steinsteypu eftir og með sama fyrirkomulagi, sem húsið nr 16b við sama götu, gildir því nákvæm lýsing á því, sem hér að framan er skrifuð einstöku þetta hús.
Lengd: 5,15 metr., br.: 7,35 m., h.: 2,9 m.. Ris 4.6 metr.
Hver klaup. meter virtur á Kr 2378 = Kr.: 12.247,00
3 ofnar 1/130 2/100 Kr. 1 eldavél á 250 Kr. 1 þvottap. 200. Rafmagnsl. á 450 Kr. } 2360.
Vatns-gas- og skolpl. á 500 Kr. Linoleumdúkar á 630 Kr. }
Samt. Kr.: 14.607,

1861

7 Hús Sama nr. 18c við Framnesveg, byrjað 1862 er nýtt íbúðarhús byggt úr steinsteypu eftir og með sama fyrirkomulagi og fyrirkomulagi sem húsið nr 16c við Framnesveg. Vísast því til lýsingar af því hér að framan
Lengd 5,15 m., br. 7,35 m., h: 2,9 metr.. Ris: 3,6 metr.
Hver klaup. meter virtur á Kr.: 2032. = Kr.: 10465
2 ofnar 1/130 1/100 Kr. 1 eldavél á 250 Kr., 1 þvottap. á 200 Kr. } 2114.
Vatns-gas- og skolpl. á 400 Kr. Rafmagnsl. á 450 Kr. Linoleumdúkar 584 Kr. }
Samt. Kr 12579

1862

8 Hús Sama nr 20a við Framnesveg, byrjað 1863 er nýtt íbúðarhús byggt úr steinsteypu eftir, með sama fyrirkomulagi og ölluum fyrirkomulagi, sem húsið nr. 16a við sama götu byrjað 1862 og gildir því sú lýsing sem á því er hér að framan eins um þetta hús:
Lengd: 5,15 m., br.: 7,35 m. br.: 2,9 m.. Ris: 3.6 metr.
Hver klaup. meter virtur á Kr.: 2088. = Kr 10.753,00
3 ofnar 1/130 2/100 Kr., 1 eldavél á 250 Kr. 1 þvottap. á 200 Kr. } 2.314.00
Vatns-gas- og skolpl. á 500 Kr. Rafmagnsl. á 450 Kr. Linoleumgólfdúkar á 584 Kr. }
Samt. Kr. 13.067.00

1863

9 Hús Sama nr 20b við Framnesveg, byrjað 1864 er nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu eftir, með fyrirkomulagi og herbergjaskipun eins og húsið nr 16b við þessa götu. Vísast því til lýsingar af því hér að framan
Lengd 5,15 m., br.: 7,35 m., h.: 2,9 metr. Ris 4,6 metr. Hver klaup. meter virtur á 2378 Kr. = Kr. 12.247.
3 ofnar 1/130 2/100 Kr. 1 eldavél á 250 Kr. 1 þvottap. 200 Kr. Rafm. l. á 450 Kr. } 2.360.
Vatns-gas- og skolpl. á 500 Kr. Linoleumdúkar á 630 Kr. }
Samt. Kr.: 14.607.

1864

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10 Afskr 23 1865 ## Hús Landsbanka Íslands nr ~~20~~ 24 B við Framnesveg, bobnr 1865, er nýtt íbúðarhús, byggt úr samskorðum efni og að öllu leiti með sama frágangi og herbergjaskipun og húsið nr. 16c við þessa sömu götu, bobnr 1859, vísast því til lýsingar þess húss hér að framan.
Lengd: 5,15 m., br.: 7,35 m., h.: 2,9 m. Ris: 3,6 metr.
Hver klamp. metur virðist á Kr. 2032. = Kr. 10.465.
2 ofnar 1/130 1/100 kr. 1 eldavél á 250 kr. 1 ~~vatnskap~~ vatnskap. á 200 kr. } 2.114.
Vatns-gas- og skolpl. á 400 kr. Rafm. l. á 450 kr. Linoleumd. 584 kr. }
Samt. Kr.: 12579.

11 Afskr 23 1866 ## Hús Sama nr.: 22a við Framnesveg, bobnr 1866, er nýtt íbúðarhús, byggt úr samskorðum efni, með sama frágangi og herbergjaskipun, sem húsið nr.: 16a við þessa sömu götu, bobnr. 1802 og gildir því lýsing á því, einnig um þetta hús.
Lengd: 5,15 m., br: 7,35 m. h: 2,9 metr. Ris: 3,6 m
Hver klamp. metur virðist á Kr. 2088.00 = Kr 10,753.
3 ofnar 1/130 2/100 kr. 1 eldavél á 250 kr., 1 vatnskap. 200 kr. } 2.314.
Vatns-gas- og skolpl. á 500 kr. Rafmagnsl. á 450 kr. Linoleumd. á 584 kr. }
Samt. Kr. 13.067.

12 Afskr 23 1867 ## Hús Sama nr. 22b við Framnesveg, bobnr 1867 er nýtt íbúðarhús, byggt úr samskorðum efni og með sama frágangi og herbergjaskipun, sem húsið nr 16b við Framnesveg og gildir því lýsingin á því hér að framan eins um þetta hús.
Lengd. 5,15 m. br.: 7,35 m. h. 2,9 m. Ris: 4,6 m. Kr. kl. meter virðist á 2378 = Kr 12 247.
3 ofnar 1/130 1/100 kr 1 eldavél á 250 kr 1 vatnskap. á 200 kr. } = 2.360.
Vatns-gas og skolpl á 500 kr Rafmagnsl á 450 kr Linoleumdúkur á 630 kr. }
Samt. Kr 14607

13 Afskr 23 1868 ## Hús Sama, nr 22c við Framnesveg, bobnr 1868 er nýtt íbúðarhús byggt ~~úr timbur~~ úr samskorðum efni, og með sama frágangi og herbergjaskipun einsog húsið 16c við þessa sömu götu bobnr 1868 og gildir lýsingin á því hér að framan eins um þetta hús.
Lengd 5,15 m. br.: 7,35 m. h. 2,9 m. Ris 3,6 m. Kr. kl. meter virðist á Kr. 2032 = Kr 10.465.
2 ofnar 1/130 1/100 kr. 1 eldavél á 250 kr. 1 vatnskap. á 200 kr. } = 2.114.
Vatns-gas- og skolpl á 400 kr. Rafmagnsl á 450 kr. Linoleumd. á 584 kr. }
Samt. Kr.: 12579.

14 Afskr 23 1206 Hús Gunnars Þórðarsonar, Laugavegur 64, bobnr. 1206, c - er nýtt geymsluhús byggt úr steinsteypu, með járnpaki á borðasúð plægðri, með pappa á milli. Það er skilveggur úr steinsteypu og steinsteypugólf, á austurenda þess er þar gryfja timburgólf og að norðan leiti þiljuð innan úr veggjum.
Lengd: 10.5 m. br.: 7.8 m., h 2,6 metr. Skápak
Hver klamp. meter virðist á Kr 248,00 = Kr: 2604.00
Rafmagnsleiðsla á - 100.00
d. Geymsluskúr er byggður úr timbur klæddur utan járni á langþöngum á þrem hliðum og þaki, en á einni hliðinni er eldvarnarveggur úr steinsteypu.
Lengd 3.8 m., br.: 2.8 m., h.: 2,1 meter.
Hver klamp. meter virðist á Kr. 60,00 = - 228,00
e. Geymsluskúr áfastur við hlöðu b, byggður eins og hlöðu d að efni og frágangi.
Lengd: 2.6 m., br: 1.8 m., h. 2 metrar Kr. kl. meter á Kr 40,00 = - 104.00
Samt. Kr.: 3036.00

15 1869 Hús Valdemars Poulsen nr. 40B við Hverfisgötu - áður er hlaða a hálf hlaða e á bobnr: 832 - nú verður húsið bobnr. 1869.
a Geymsluhús byggt úr steinsteypu með járnpaki á borðasúð með pappa á milli. Það er gólf úr steinsteypu.
Lengd: 7.5 m., br.: 5 metr., hæð 3.3 metr. Skápak
Hver klamp. meter virðist á Kr.: 132,00 = Kr.: 990.-
b Geymsluhús er byggt úr steinsteypu með járnpaki á borðasúð með pappa á milli. Gólf er úr steinsteypu með borðum þar yfir. Innan á veggjum er borðaþil með pappa á og panelþiljum innan á. Á loftbitum er gólf og paklyftir er allt þiljað innan á spærum. Allt málað. Meðfram hliðveggjum eru skápar og á miðju gólfi loftsins eru 2 borð eftir endilöngu húsinu með skápum undir. Þar uppi eru einnig 3 fastir skápar. Á aðal hæð hússins eru einnig 2 skápar eftir lengd þess frá gólfi til lofts.
Lengd 8.2 metr. br.: 5.7 m., h.: 3.8 m.. Ris 2,2 metr.
Hver klamp. meter virðist á Kr 1122 = Kr. 9.200.
Rafmagnsleiðsla á 200 kr = x 200.-
Samt. Kr 10.390.

Brunabótavirðingar Reykjavíkur © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

16. Hús sama nr.: 29 við Klapparstíg, brbnr. 289 er að því er Litra a, c og d snertir óbreytt frá síðustu virðingu 2/3 - 1918.

a Íbúðarhús. Stærð: 9,7 × 5,3 × 3,1 m. Ris 2,5 metr.
Hver hlaup. meter virtur á Kr.: 1130.00 = Kr 10.961.
3 Ofnar 1/216. 1/144. 1/114 Kr. 1 eldavél á 216 Kr Vatns-gas- og skolpl. og baðtæki 1000 Kr Rafmagnsl. 1000 Kr Linoleumdúkar 500 Kr. } = „ 3190

Afskr 23

289

b Verslunarhús hefur verið breytt að ýmsu leiti - Það er bygt úr steinsteypu á þrjá vegu, en úr timbri. Þar sem það er tengt við Litra a. og með járnpaki á borðasúð með pappa á milli.
Þar er sölubúð, með skápum og hyllum og skrifstofuherbergi. Í búðinni eru útveggir sementslettaðir að innan, en skrifstofuherbergið er piljað og málað. Á paklyfti er geymsla með skápum og hyllum.
Stærð: 5,2 × 5 × 4 metr. Ris: 2 metr.
Hver hlaup. meter virtur 1000,00 = Kr. 5.200.

c Inng. skúr Stærð 1,9 × 1,9 × 2,1 m. Hv. hl. met. virtur á 120 Kr = „ 228.

d Geymsluhús — „ — 3,8 × 3,1 × 2,1 m. „ „ „ „ „ 120 „ = „ 456

Samt. Kr. 20.035

17 Hús Gísla Arnbjarnarsonar, Óðinsgata 32 brbnr.: 1838 er nýtt íbúðarhús, bygt úr steinsteypu með járnpaki á borðasúð með pappa á milli.
Yfir Kjallara er steinsteypugólf og langveggur úr steinsteypu er á húsinu jafnhátt pakskeggi.
Á neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús sölubúð, með skápum og hyllum, vatnsalerni og 2 gangar. Innan á útveggjum er borðagrind, með tjörupappa í og panel piljum innaná. Neðan á loftbitum eru piljur. Allt lagt striga og pappír og málað.
Á efri hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, og 2 gangar. Allt með samskonar frágangi, sem á neðri hæð.
Á þak bitum er gólf og milligólf með sagspónastoppi er í báðum bitalögum. Þar er geymsla og þurkloft.
Kjallari er undir öllu húsinu 2,35 metr hár, með steinsteypugólfi.
Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, þvottaherbergi, vatnsal., 3 geymsluklefar og gangur. Íbúðarherbergin eldhús og gangur er með samskonar frágangi sem á aðalhæðum hússins.

